

Ed. 727. Frumvarp til þjóðminjalaga. [100. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. maí.)

Samhljóða þskj. 345 með þessari breytingu:

44. gr. hljóðar svo:

Hver sá, er fyrir féttjóni verður vegna framkvæmdar á ákvæðum II. eða IV. kafla laga þessara, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Hafi hann orðið fyrir slíku féttjóni vegna framkvæmda á friðunarákvörðun sveitarstjórnar skv. IV. kafla laganna, á hann hins vegar rétt til skaðabóta úr hlutaðeigandi sveitarsjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur, skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.